

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2022-2024

Ríkisaðili	Menntaskólinn við Sund Gnoðarvogi 43, 104-Reykjavík, kt. 700670-0589	Ráðuneyti	Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Ábyrgðaraðili	Helga Sigríður Þórsdóttir		
A	Kjarnastarfsemi		
	<p>Kjarnastarfsemi Menntaskólans við Sund er að veita nemendum menntun til stúdentsprófs, að stuðla að alhliða þroska nemenda sinna og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda upp á nám við hæfi. Skólanum er einnig ætlað að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífínu og undir frekara nám á háskólastigi.</p> <p>Við upphaf skólaárs 2021-2022 hófu 716 nemendur nám við skólann sem er um 1 fleiri nemendur en á sama tíma árið áður. Tveir nemandi eru fæddir 2006, nemendur fæddir 2005 eru 229 talsins, nemendur fæddir 2004 eru 233, nemendur fæddir 2003 eru 213, nemendur fæddir árið 2002 og eldri eru 35. Búist er við að þessir nemendur MS að hausti skili um 797 ígildum ársnemenda (ársnemandi er hér skilgreindur sem nemandi sem lýkur um 60 feiningum á ári). Allir nemendur skólans stunda nám í þriggja anna kerfi á bóknámsbrautum til stúdentsprófs. Listgreinar eru hluti af skyldunámi í MS og eru um 7 - 10% kennslumagnsins á hverri önn. Listgreinar eru með lægra hópaviðmið og kennslukostnaður um 40% hærri en í bóknámsgreinum ef miðað er við fullnýtta hópa.</p> <p>Fjölbreytni í náms- og kennsluháttum eru lykilatriði í starfsemi skólans og í starfinu er haft að leiðarljósi að örva virkni og þátttöku nemenda. Í námskrá MS er lögð áhersla á skapandi nám þar sem einstaklingar fá að njóta sín í verkefnabundnu og samvinnutengdu námi. Nemendur fá tækifæri til að afla sér þekkingar, leikni í að vinna með hana og hæfni til að nýta með ólíkum hætti. Unnið er út frá kenningu um að byggja upp námskraft nemenda (Building Learning Power).</p> <p>Stefna skólans kallar á námsvenjur þar sem ábyrgð nemenda á eigin námi, mæting, virkni og þátttaka gegna lykilhlutverki. Mikilvægt er að nemendur vinni jafnt og þétt, ástundi heiðarleg vinnubrögð og þjálfu með sér þrautseigju þar sem mistök eru eðlilegur hluti af námsferlinu. Skólinn hvetur kennara til</p>		

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2022-2024

<p>nýbreytni- og þróunarstarfs þar sem horft er bæði til innihalds náms og námsumhverfis. Í öllum áfangalýsingum í MS koma fram þekkingar, leikni og hæfnimarkmið sem unnið er út frá en í námsáætlun hvers áfanga kemur fram nánari útfærsla á náms- og kennsluháttum.</p> <p>Skólinn leggur áherslu á að hrinda í framkvæmd áherslum mennta- og menningarmálaráðuneytis á hverjum tíma með því að setja fram aðgerðaáætlun til að draga úr brotthvarfi, með því að efla veg skapandi greina og með því að bjóða nemendum upp á sveigjanleika í sínu námsvali ásamt möguleika á að stýra námshraða sínum í takt við það álag sem þeim hentar. Þessar áherslur birtast m.a. í skólanámskrá og í markmiðum í þessu stefnumótunarskjali.</p> <p>Í námskrá býður skólinn upp á nám á tveimur námsbrautum sem skiptast í fjórar námslínur. Félagsfræðabraut sem skiptist í félagsfræða- og sögulínu og hagfræði- og stærðfræðilínu og náttúrufræðabraut sem skiptist upp í líffræði- og efnafræðilínu og eðlisfræði- og stærðfræðilínu. Auk þessa geta nemendur valið sér sérstaka sérhæfingu til viðbótar í listgreinum, viðskiptagreinum, tungumálum og raungreinum. Almenna hluta námskrár skólans er að finna á heimasíðu skólans og þar er einnig að finna upplýsingar um námsbrautir og áfanga og það regluverk sem gildir um samþykka námskrá Menntaskólans við Sund.</p> <p>Nám til stúdentsprófs í MS er 206 feiningar og er skólaárinu skipt í þrjár jafnlangar 12 vikna annir. Hver önn skiptist í umsjónardag, kennsludaga og matsdaga.</p>							
Markmið, mælikvarðar og aðgerðir							
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
A1	Auka umhverfisvitund nemenda og starfsmanna	7	Mælanleg markmið grænfanaverkefnisins	Greinagerð verkefnisins	Undirbúningur í samvinnu við verkefnisstjóra	Grænféni afhentur	Árangri viðhaldið
			https://verkfaerakista.landvernd.is/Thatttaka/Viltu-komast-agraena-grein	Virk umhverfisnefnd			

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2022-2024

						og kennurum fjölgað	umhverfis- nefnar	alltaf til staðar í MS
Tengist markmiði málaflokks								
<i>Inntak markmiðs 1: Menntun til sjálfbærni</i>								
Nr.	Verkefni/aðgerðir						Upphaf	Endir
A1.1	Umhverfisvika haldin í annað sinn vorið 2022						2021	2024
A1.2	Útskriftarefni planta í trjáreit skólans í Heiðmörk						2022	2024
A1.3	Próa áfanga í tengslum við grænfánaverkefnið						2021	2022
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024	
A2	Að halda brotthvarfi lágu	3 og 4	Hlutfall nýnema sem innritast á annað ár strax að loknu fyrsta ári	Brotthvarfsmælingar MRN	100%	Hærra en meðaltal framhalds-skóla á Íslandi	Hærra en meðaltal framhaldsskóla á Íslandi	
			Hlutfall eldri nema sem hætta námi	Brotthvarfsskýrsla MS október ár hvert	1%	1-2%	1-2%	
			Útskriftarhlutfall eftir þriggja ára nám	Innritunartölur vs. útskrift	Staðan HA 2021, 72%	73%	75%	

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2022-2024

					2002 árgangs útskrifaður		
Tengist markmiði málaflokks							
<i>Markmið 2: Jöfn tækifæri til náms og vellíðan í öndvegi</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A2.1	Gerð brotthvarfsskýrslu MS					2017	2024
A2.2	Nemendaviðtöl og fræðsla kennslustjóra, námsráðgjafa og mætingarstjóra					2015	2024
A2.3	Efling stoðþjónustu MS og umsjón með nemendum á fyrsta námsári					2021	2024
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
A3	Byggja upp seiglu nemenda	3	Hlutfall nemenda sem uppfylla lágmarkskröfur áfanga	Einkunnir í áföngum í MS	92,66%	94%	95%
		4	Hlutfall nemenda í námsframvinduúrræði sem bæta árangur sinn á næstu önn	Tölfræði frá kennslustjóra	30% nemenda sem voru í úrræði vorið 2020 bættu stöðu sína	32%	35%
			Mætingareftirlit	Raunæting skráð í Innu	64% nemenda yfir 85% raunmætingu	70% n. með 85%< eða betri mætingu	75% n. með 85% < eða betri mætingu

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2022-2024

Tengist markmiði málaflokks				
<i>Inntak markmiðs 3: Kennsla í fremstu röð</i>				
Nr.	Verkefni/aðgerðir		Upphaf	Endir
A3.1	Áfangalýsingar, markmið áfanga og verkefni í áföngum yfirfarin og breytingar færðar í námskrárgrunn		2018	2022
A3.2	Fræðsla um aðferðir til að auka seiglu fyrir nemendur, forráðamenn og starfsfólk MS		2016	2024
A3.3	Ráðning tómsundafræðings til að vinna með nemendum að meiri fjölbreytni í félagslífi		2021	2024

B	Rekstrarþættir
	<p>Stöðugildi við skólann í október 2021: Á þjónustuviði er heildarfjöldi stöðugilda (stg.) samkvæmt ráðningahlutfalli 14,2 sem skiptist með eftirfarandi hætti: Æðstu stjórnendur (rektor 49 ára kvk, konrektor 49 ára kvk, kennslustjóri 45 ára kk og námsbrauta og námskrárstjóri 42 ára kvk), samtals 4 stg. Náms- og starfsráðgjöf 2 stg kvk. Bókasafn 1,2 kvk, Skrifstofa 2 stg báðar kvk. Fjármálastjóri 1 stg kvk. Umsjón húseigna 1 stg kk, þjónustufulltrúar 1,5 stg (3 kk), tölvuumsjón 1,0 stg (kk), félagsmálastjóri 0,4 stg (kvk). Á kennsluviði er fjöldi stöðugilda samkvæmt ráðningahlutfalli 49,2 og fjöldi einstaklinga við kennslu í október 2021 er 53.</p> <p>Menntun kennara: Haustið 2021 eru 5 kennarar með PhD eða sambærilegt, 38 kennarar eru með MA/MS/MEd og sumir þeirra eru með tvöfaldan master. Það eru 10 kennarar með BA/BS – próf og þar af eru nokkrir með diploma að auki eða tvöfalt BA próf. Allir kennarar við MS eru með kennsluréttindi.</p> <p>Kennsla, kennsluyfirvinna og kennsluskipting: Mánaðarleg föst yfirvinna vegna kennslu í október 2021 er 1341,8 klst en 1616 klukkustundir á sama tíma árið áður. Í október 2021 sinna 53 kennarar kennslu við skólann 15 karlar og 38 konur. Þeir sem eru 60 ára eða eldri sinna 29 % af kennslumagninu. Þeir sem eru 55-59 ára sinna 17 % af kennslumagninu. Þeir sem eru 54 ára eða yngri sinna 54 % af kennslumagninu. Þetta er sama hlutfall og síðastliðin tvö ár.</p> <p>Hópanýting: Hópanýting á í kennslu á haustönn 2021 er eins góð og hægt er. Meðalhópastærð þegar allir hópar í skólanum eru meðtaldir er 25,14 en þegar eingöngu er litið til bóklegra áfanga er meðaltalið hærra. Í listgreinum er meðalhópastærð 16,6 en var á síðasta ári 15,15. Hámarksfjöldi í hóp í listgreinum er 17. Hlutfall listgreina í heildarkennslumagni haustið 2021 er 7,3%, kennslukostnaður listgreina er um 34,6% hærri en í bóklefum greinum vegna lægra hópaviðmiðs listgreina.</p> <p>Á heimasíðu skólans eru birtar eftirfarandi stefnur í hinum ýmsu málaflokkum: Forvarnarstefna, stefna um heilsueflandi framhaldsskóla, jafnréttis- og mannréttindastefna, sjálfsmatsstefna, stefna gegn einelti, stefna um viðbrögð og aðgerðir við áföllum, umhverfisstefna, vinnuumhverfisstefna, stefna MS um öryggismál og persónuverndarstefna skólans. Að auki er skólinn með umhverfis- og loftslagsstefnu. Unnið er að undirbúningi jafnlaunavottunar en forvottun hefur verið tímaett í febrúar. Þá er undir sjálfsmati að finna lýsingu á innra mati skólans (eldri sjálfsmatsskýrslur eru á eldri vef skólans) og skýrsla um ytra mat ráðuneytis á MS. Allar þessar stefnur og skýrslur er að finna á heimasíðu skólans.</p> <p>Nemendafjöldi: Kenndar einingar við skólann eru að jafnaði frá 66-69,3 einingar á ári. Hver nemandi í MS skilar að jafnaði 63-66 einingum á ári sem þýðir að kennslukostnaður MS/nemanda er hár. Ársnemendur í skólanum þegar um 715 nemendur stunda þar nám eru um 770-807 eftir árum. Framlag ríkisins til skólans miðast við fjölda nemenda en ekki fjölda ársnemenda. Nýting í skólanum er góð, brotthvarf er lítið, útskriftarhlutfall er hátt og hefur farið hækkandi undanfarin ár. Stúdentsprófið í MS hefur verið 206 einingar og verður það lækkað í 200 frá og með næsta skólaári svo fjárframlög dugi betur fyrir rekstri skólans.</p>

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2022-2024

<p>Nýting húsnæðis: Búið er að gera við stærstu lekavandamál nýbygginga í MS en því miður hefur ekki náðst að koma fyrir allt. Eldra húsnæði þarf nast einnig viðhalds á næstunni og hefur skólinn upplýst Ríkiseignir um ástandið. Stefnt er að því að á sérhverjum tíma sé húsnæði skólans og það fjármagn sem skólinn hefur til umráða nýtt sem best og þjónusta við nemendur og forráðamenn þeirra sé eins og best verður á kosið.</p> <p>Árangursmat og rekstur: Skólinn hefur á síðustu árum fengið utanaðkomandi aðila til að gera úttekt á nokkrum innri ferlum skólans og þeir verða áfram skoðaðir með tilliti til hins nýja kerfis. Skólinn hefur fengið viðurkenningu fyrir fimm græn skref í ríkisrekstri og færir grænt bókhald. Verið er að innleiða jafnlaunakerfi og er stefnt að vottun jafnlaunakerfis í mars 2022. Unnið er að samræmingu á starfsháttum í skólanum og endurgerð ýmissa verkferla er snerta nám, kennslu, umsýslu og stjórnun. Áfram verður unnið með mat á árangri, jákvæða endurgjöf, sjálfsmatsaðferðir verða þróaðar áfram og unnið áfram með umbunarkerfi og árangurstengingu í stofnansamningum skólans samkvæmt bókun 2 framlengingu á kjarasamningi kennara frá 31.03.2021.</p> <p>Úttektir: Ytri úttekt fór fram á starfsemi skólans haustið 2019. Skýrsla matsaðila hefur verið birt, m.a. á vef skólans og búið að vinna að mörgum í úrbótum sem þar komu fram. Skólinn hefur hvatt sína starfsmenn til þess að svara könnun um stofnun ársins 2021.</p>						
Markmið, mælikvarðar og aðgerðir						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
B1	Aukin skilvirkni í skólanum	Ánægja notenda	Þjónustukönnun	Nýtt	80% ánægja	85% ánægja
		Aukin notkun á upplýsingatækni	Starfsmannakönnun/ kennslukönnun	Nýtt	Viðmið sett	Aukin notkun
		Ánægja starfsmanna með upplýsingatækni í skólanum	Starfsmannaviðtöl	Nýtt	Viðmið sett	Aukin notkun
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B1.1	Meiri kennsla og fræðsla fyrir nemendur, kennara og aðra starfsmenn um notkunn á upplýsingatækni				2020	2024
B1.2	Betra og fjölþættara kennslukerfi				2022	2024

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2022-2024

B1.3	Ný og betri heimasíða				2022	2023
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
B2	Reka skólann innan fjárheimilda	Samræming raunáætlunar og raunútgjalda	Útkomuspá og ársreikningur hvers árs	Útkoma í lagi	Miðað er við að rekstur skólans sé innan fjárlaga	Miðað er við að rekstur skólans sé innan fjárlaga
		Fjöldi kenndra hópa	Kennsluskipting	Útkoma í lagi	Útkoma í lagi	Útkoma í lagi
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B2.1	Kostnaður við rekstur í samræmi við rekstraráætlun				2016	2024
B2.2	Stytting námsbrauta til stúdentsprófs úr 206 einingum í 200 einingar				2022	2023
B2.3	Tryggja að vinnumat áfanga sé í samræmi við vinnumat í kjarasamningum kennara og einingar nemenda				2021	2022
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
B3	Draga úr umhverfisáhrifum í skólalastarfi	Framþróun í verkefninu um græn skref í ríkisrekstri		4 Græn skref í ríkisrekstri	Skrefum viðhaldið	Skrefum viðhaldið
		Rúmmetrar af heitu vatni	Gögn frá Veitum	36.245 m ³	32.000 m ³	30.000m ³
		Kíló af sorpi frá MS	Gögn frá Terru	5.465 kg	13.000 kg	10.000 kg

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2022-2024

Nr.	Verkefni/aðgerðir	Upphaf	Endir
B3.1	Færsla á grænu bókhaldi	2015	2024
B3.2	Þátttaka í grænum skrefum í ríkisrekstri	2015	2024
B3.3	Kolefnisjöfnunarsjóður MS	2018	2024

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára